

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um styrk úr lands- 123
sjóði til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi. — Samkvæmt beiðni sýslunefndanna ^{25. ágúst.}
 í Rangárvallasýslu og Árnessýslu, tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknan-
 legu brjefi, dagsettu 2. þ. m., og tillögum sýslumannsins í Árnessýslu í brjefi 9.
 maí þ. á., vil jeg hjer með af fje því, sem í 12. gr. C. a. nügildandi fjárlaga er
 veitt til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, veita til gufubáts-
 ferða á þessu sumri í Sunnlendingafjórðungi milli Reykjavíkur og Eyjafjalla 1050
 krónur, til móts við 350 krónur samtals úr sýslusjóðum tjeðra sýslufjelaga.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gef-
 ið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveit- 124
festi þurfalings. — Í brjefi, dagsettu 5. þ. m., sem hingað hefir borizt beina ^{27. ágúst}
 leið, hefir hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu
 skotið til úrlausnar minnar ágreiningi milli Reykjavíkurkaupstaðar og tjeðs
 hrepps um sveitfesti Jóns nokkurs Þórðarsonar.

Út af þessu gefst yður, herra amtmáður, til vitundar til þóknanlegrar leið-
 beiningar og frekari birtingar, að með því að skjöl málsins bera með sjer, að
 bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru á
 eitt sáttir um sveitfesti umgetins Jóns Þórðarsonar, þá er með því lagður fulln-
 aðarúrskurður á þetta mál, samkvæmt fátækrareglugjörðinni 8. janúar 1834, 3.
 gr.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um flutning á kirkju. — Samkvæmt ósk **125**
 hlutadeiganda safnaðar og tillögum yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dag-^{29. ágúst}
 settu í gær, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að Skorrastaðarkirkja
 sje flutt að Nesi í Norðfirði. Að því leyti, sem jörðin Nes er þjóðjörð, er ekk-
 ert því til fyrirstöðu frá minni hálfu, að kirkjustæði og kirkjugarðsstæði fáist
 þar.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-
 ar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvöldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til 126
húsbýggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmáður, og yðar, herra ^{3. sept.}
 biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki
 mitt til þess, að presturinn í Þingeyrarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi, sira
 Bjarni Pálsson, taki 1000 króna embættislán handa prestakallinu til þess að
 koma upp á prestssetrinu í stað 4 hinna gömlu bæjarhúsa: bæjardyra, búrs, eld-
 húss og kofa eins, einu vöndudu húsi með torfveggjum og torfþaki, en þilstöfn-
 um, og sje húsið 21 alin á lengd og 7 álnir á breidd að utanmáli grindarinnar,
 með 4 álna háum stöðum og reisifjöl yfir því öllu. Skulu 8 álnir af lengd húss-
 ins vera stofa afþiljuð og afþiljaður bæjardyrangur, hvorttveggja með lopti
 yfir, í miðju húsinu á 6 álna lengd þiljað matreiðsluhús, og loks búr þiljað og

14. dag septembermán. 1896.